

# Reglugjörð

134  
27. nóv.

## fyrir forðagæslumenn í Norður-Múlasýslu.

### 1. gr.

Forðagæslumenn skulu fara 2 eftirlitsferðir um umdæmi sín á vetri, hina fyrri á tímabilinu frá veturnóttum til 15. nóv. og hina síðari frá 1. apríl til sumarmála.

### 2. gr.

Í fyrri ferðinni skulu forðagæslumenn athuga nákvæmlega fóðurbirgðir og skrifa þær upp, svo og tölu og tegundir búpenings þess, sem fóður er ætlað; skulu þeir þá segja álit sitt um, hvort fóðurbirgðir eru nægilegar. Ef þeim sýnist að svo sé eigi, skulu þeir gera ákveðnar tillögur um, hvað miklu þurfi að bæta við af fóðri eða farga af búpeningi.

### 3. gr.

Við síðari skoðunina skulu forðagæslumenn vandlega athuga ástand búpenings og fóðurbirgðir og haga vitnisburðargjöf eftir því. Komi þá í ljós, að fóðurbirgðir og búpeningur sje í því ástandi að hætta sje fyrirsjáanleg, ber þeim að gera tillögur um nauðsynlegar ráðstafanir til þess að afstýra hættunni, ef unt er (sbr. 6. og 10. gr. forðagæslulaganna).

### 4. gr.

Milli hinna ákveðnu ferða skulu forðagæslumenn haga eftirlitinu eftir því, sem þeim þykir með þurfa og leggja aðaláhersluna á það, að líta eftir því, að búpeningur manna líði ekki af fóðurskortni. Svo skulu þeir og leita áreiðanlegra upplýsinga að vorinu um fyrningar og skepnuhöld í umdæmum sínum. Slikra upplýsinga geta þeir krafist af búendum á vorhreppaskilapingum ár hvert, eða aflað sjer þeirra með aðstoð skilríkra manna eða eigin rannsókn.

### 5. gr.

Eftir hverja skoðun skulu forðagæslumenn færa inn í forðagæslubók sína skýrslu um skoðunina. Síðan senda þeir hreppsnefndinni skriflega tilkynningu um ástandið í forðagæslu-umdæminu ásamt tillögum sínum.

**134**

## 6. gr.

27. nóv.

Forðagæslumenn skulu senda sýslumanni skýrslu samhljóða forðagæslubók í júnímánuði ár hvert. Einnig skulu þeir lesa upp á vorhreppaskilapíngi, eða öðrum almennum sveitarfundi, alt sem þeir hafa skráð í forðagæslubókina á gæslutímabilinu

## 7. gr.

Ef búandi er í forðapröng og vill ekki fara að ráðum forðagæslumanns, svo og ef fjenaður verður horaður eða fellur úr hor, og er að álitum forðagæslumanns um að kenna fóðurskortu, hirðuleysi eða harðýðgi þess, er fjenadinn hefir undir hendi, þá skal forðagæslumaður tafarlaust tilkynna það hreppstjóra.

## 8. gr.

Komi til frekari aðgerða forðagæslumanna við starfrækslu, en hjer er tekið fram, ber að haga þeim eftir ákvæðum forðagæslulaganna.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett, samkvæmt lögum um forðagæslu frá 10. nóvember 1913, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**Í stjórnarráði Íslands, 27. nóvember 1914.**

Í fjarveru ráðherra.

**Kl. Jónsson.**

---

*Jón Hermannsson.*